

Ritdómur

Holy Envy: Finding God in the Faith of Others
eftir Barböru Brown Taylor. New York: HarperOne, 2019, 238 bls.

Samskipti fylgjenda ólíkra trúarbragða hafa oft leitt til illdeilna og átaka. Mannkynssagan geymir mörg sorgleg dæmi um ofbeldi og ofsóknir sem hafa átt sér stað í nafni trúarinnar. Samfara auknum samskiptum og flæði fólks á milli heimshluta hefur mikilvægi þess að fólk kynnist framandi trúarbrögðum og fólki sem tilheyrir öðrum trúarhópum en sínum eigin aukist til muna. Margt bendir til þess að slík kynni séu beinlínis forsenda friðsamlegra samskipta einstaklinga, þjóða og þjóðarbrotá á komandi árum og áratugum. Þó að trúfrelsi hafi verið innleitt hér á landi fyrir hartnær 150 árum höfðu Íslendingar lengi vel takmarkaða reynslu af framandi trúarbrögðum og litla möguleika á að kynnast persónulega þeim sem ekki játuðu kristna trú. Aukin fjölmennung reynir á vilja fólksins í landinu til að nýta þau tækifæri sem því gefast til að kynnast nýjum siðum og framandi helgihaldi. Í þessu, eins og svo mörgu öðru, getum við lært af nágrannalöndum okkar sem hafa á undanförunum áratugum tekist á við sístækkandi hóp fólks af erlendum uppruna sem hefur sest þar að. Við getum lært af því sem vel hefur tekist, sem og mistökum sem gerð hafa verið og ættu að vera okkur víti til varnaðar. Þráfaldlega hafa t.d. áform um byggingu helgidóma sem tilheyra öðrum trúarbrögðum en kristnum sið kallað fram sterk viðbrögð, eins og raunin hefur verið vegna fyrirhugaðrar byggingar mosku í Reykjavík.

Dæmi um byggingu sem skapaði úlfúð og deilur er stórt og áberandi musterí mormóna sem reist var í höfuðborg Svíþjóðar og vígt sumarið 1985. Nýjatestamentisfræðingurinn Krister Stendahl (1921–2008), sem um árabíl var deildarforseti Guðfræðideildar Harvardháskóla og virkur í samtali á milli ólíkra trúarbragða, var á þessum tíma biskup sænsku kirkjunnar í Stokkhólmi. Á blaðamannafundi fyrir vígsluna var Stendahl spurður um afstöðu sína til musterisins. Í svari sínu hvatti hann til umburðarlyndis og lagði til að eftirfarandi reglur væru hafðar í heiðri í hvívetna:

1. Þegar maður vill auka skilning sinn á öðrum trúarbrögðum en sínum eigin þá er mikilvægt að maður tali við fólk sem tilheyrir þeim, frekar en andstæðinga þeirra.
2. Ekki bera það besta í sínum eigin trúarbrögðum saman við það versta í öðrum trúarbrögðum.
3. Gerðum ráð fyrir að finna til „heilagrar öfundar“ (e. *holy envy*).

Reglurnar vöktu strax mikla athygli og hafa síðan átt sinn þátt í því að halda nafni Stendahls á lofti. Titill bókarinnar sem hér er til umfjöllunar vísar einmitt í orð Stendahls um heilaga öfund sem er mjög lýsandi fyrir efni bókarinnar en hún fjallar um hið göfuga og eftirsóknarverða í trúarbrögðum annarra.

En fyrst nokkur orð um höfund bókarinnar. Barbara Brown Taylor er prestur í Biskupakirkjunni í Bandaríkjunum (e. *The Episcopal Church*) og þjónaði um tíma stórum söfnuði í Atlanta í Georgíufylki, auk þess sem hún kenndi prédikunarfræði m.a. við Columbia Theological Seminary í Decatur og Candler School of Theology, sem er hluti af Emory-háskólanum. Taylor er eftirsóttur prédikari og fyrirlesari og hún er af mörgum talin til bestu prédikara í öllum Bandaríkjunum. Hún er einnig afkastamikill rithöfundur og hefur skrifað fimmtán bækur, oft um mjög umdeild viðfangsefni, og sumar bóka hennar hafa endað á lista *New York Times* yfir bestu bækur ársins. Árið 2014 valdi tímaritið *Time* Taylor á árlegan lista yfir 100 áhrifamestu einstaklinga í heimi.

Um aldamótin ákvað Taylor að venda sínu kvæði í kross og hætta prestsskap. Í bókinni *Leaving Church* (2006), sem er ein af hennar þekktustu bókum, segir hún frá reynslu sinni af kulnun í starfi. Hún talar einnig um að hafa þjáðst af „umhyggjuþreytu“ (e. *compassion fatigue*), sem lýsir sér í því að fólk sem vinnur við það að liðsinna fólki sem á í erifðleikum, er ekki lengur fært um að sinna starfi sínu vegna ofþreytu. Eftir að hafa sagt skilið við prestsþjónustuna var Taylor boðið að kenna trúarbragðafræði við Piedmont College í norðausturhluta Georgíufylkis. Taylor ákvað að þiggja boðið þó að hún hefði hvorki lokið doktorsnámi í guðfræði né trúarbragðafræðum. Í bók sinni um hina „heilögu öfund“ lýsir Taylor því hvernig hún tókst á við þá áskorun að kenna grunnnámskeið um helstu trúarbrögð heims á einu misseri.

Bókin *Holy Envy: Finding God in the Faith of Others* kom út í kjölfar þess að Taylor hætti kennslu eftir tuttugu ára farsælan feril sem háskólakennari. Þetta er mjög persónuleg bók þar sem höfundur lýsir reynslu sinni af „heilagri öfund“ sem hún fann fyrir vegna þess jákvæða og góða sem hún sá í öðrum trúarbrögðum. Það lýsti sér m.a. í því að hún vildi verða rabbíni þegar hún kynnti gyðingdóm fyrir nemendum sínum og munkur þegar kom að því að fjalla um búddisma. Þó að bókin geymi fyrst og fremst sögu Taylor sjálftrar, þá segir hún líka frá því hvernig nemendur hennar, sem ólust upp við meiri trúarlega fjölhyggju en foreldar þeirra og afar og ömmur, brugðust við þeim veruleika sem blasti við þeim í heimsóknum til ólíkra trúarhópa. Þessi reynsla gerði það t.d. að verkum að þau sem höfðu alist upp í kristinni trú þurftu að takast á við ágengar spurningar varðandi ýmislegt sem þeim hafði fram að þessu þótt sjálfgefíð. Þar á meðal var spurningin um Krist. Ef Kristur var „vegurinn, sannleikurinn og lífið“, hvað þá með önnur trúarbrögð og þeirra tilkall til þess að vera boðberar sannleikans? Þótt mörg nemendanna væru tilbúin til þess að spyrja gagnrýninna spurninga um þá trú sem þau höfðu alist upp við, óttuðust önnur afleiðingarnar sem það gæti haft fyrir þau og trúarsannfæringu þeirra að kynnast framandi trúarbrögðum og helgidómum þeirra.

Námskeiðið sem Taylor kenndi, „Religion 101“, var inngangsnámskeið fyrir nemendur í Piedmont College sem eru flestir á aldrinum 18–23 ára. Skólinn á sterkar rætur í kristinni trúarhefð en meirihluti nemenda er frá suðurrikjum Bandaríkjanna þar sem kristin trú gegnir enn veigamiklu hlutverki í lífi mjög margra. Á meðan Taylor kenndi námskeiðið var það alltaf fullbókað. Hún segir að einhver þeirra sem skráðu sig í námskeiðið, hafi gert það vegna þess að þau töldu sig ekki þurfa að hafa mikið fyrir einingunum. Önnur hafi komið til þess að kynnast því hvað væri slæmt eða að minnsta kosti ekki gott í öðrum trúarbrögðum í von um það myndi styrkja sannfæringu þeirra um yfirburði kristinnar trúar. Enn önnur voru forvitin um það sem einkenndi trúarbrögð sem þau þekktu ekki nema að nafninu til eða bara alls ekki neitt. Taylor segir að fyrir sum hafi það erfiðasta við námskeiðið verið að horfast í augu við að þau hefðu ákveðna sýn á heiminn, sýn sem bæri vitni um það félagslega

samhengi sem þau kæmu úr og hefði haft mótandi áhrif á trúarlega afstöðu þeirra. Heimsmynd þeirra væri því bara ein af mörgum sem væru eins fjölbreytilegar og hin margvíslegu trúarbrögð heimsins.

Í bók sinni leitast Taylor við að lýsa jákvæðri reynslu sem hún og nemendur hennar urðu fyrir er þau heimsóttu helgidóma gyðinga, múslima, hindúa, búddista og kristinna í Atlanta. Fljótlega eftir að Taylor fór að kenna við Piedmont College komst hún að þeirri niðurstöðu að það væri ekki nóg fyrir nemendur sína að lesa bækur. Að hennar mati var einfaldlega ekki hægt að kynnst lifandi trúarbrögðum án þess að yfirgefa kennslustofuna. Í stað þess að fá gesti til sín, taldi hún áhrifameira að nemendurnir fengju að koma sem gestir í heilög rými einstakra trúarhópa. Taylor tók til þess ráðs að keyra með nemendur sína til Atlanta, þar sem er að finna fulltrúa allra helstu trúarbragða heims og heimsækja samkomustaði þeirra, hvort sem það voru samkunduhús, musteri, moskur eða kirkjur. Hún viðurkennir að hún hafi í upphafi ekki haft hugmynd um það hvað hún var að fara út í. Það sem hafi komið nemendum hennar mest á óvart í þessum heimsóknum var að enginn gerði tilraun til að snúa þeim, til að sannfæra þau um að þeirra trúarbrögð væru æðri öðrum. Eftir á að hyggja telur hún að það hafi verið heimsóknirnar sem breyttu nemendum hennar en ekki lesefnið sem hún setti þeim fyrir. Reynslan hafi breytt afstöðu þeirra til fólks sem játar aðra trú eða fylgja annarri lífsskoðun en þau sjálf.

Taylor leggur mikla áherslu á að hún hafi ekki litið á það sem hlutverk sitt að matreiða svör við spurningum nemendanna. Hennar hlutverk hafi þvert á móti verið að kenna þeim að spyrja betri spurninga og að nálgast viðfangsefni sín með gagnrýnu hugarfari. Taylor áréttar líka mikilvægi þess að nemendurnir yrðu læs á ólík trúarbrögð og líf þeirra sem tilheyra þeim. Hún telur að þetta sé nauðsynlegt öllum þeim sem undirbúa sig fyrir framtíð í samfélögum sem einkennast af sívaxandi fjölbreytileika í trúmálum. Hvort sem nemendur ætli sér að verða kennarar, hjúkrunarfræðingar, lögreglumenn eða leggja stund á viðskipti, þá sé ekki lengur í boði að vera ólæs á trúarbrögð. „Það var alveg nýtt fyrir þeim“, segir Taylor, „að ólæsi gæti verið vandamál þegar kemur að trúmálum“ en ekki bara ensku. Sömu-leiðis hafi það komið þeim á óvart að námskeið í trúarbragðafræðum gæti haft þýðingu fyrir líf þeirra og væri ekki takmarkað við hið trúarlega svið mannlífsins. Þess vegna hafi þekking á trúarbrögðum ekki bara merkingu fyrir þau sem trúa, heldur líka hin trúlausu.

Barböru Brown Taylor hefur enn einu sinni tekist að skrifa bók sem hreyfir við lesendum sínum. Ég tel að bók hennar um „hina heilögu öfund“ eigi ekkert síður erindi til lesenda hér á Íslandi en í heimalandi hennar, Bandaríkjunum. Ástæðan er ört stækkandi hópur þeirra sem játa ekki kristna trú, hvort sem þau tilheyra öðrum trúarhópum eða kjósa að vera utan þeirra. Í þessari bók, eins og fyrri bókum, beinir Taylor orðum sínum fyrst og fremt að kristnu fólki sem gjarnan hefur litið á trúarbragðakennslu og samtal á milli ólíkra trúarhópa sem ógn við trúarsannfæringu sína. Það fer ekki á milli mála að vaxandi fjölbreytileiki í trúmálum felur í sér nýjar áskoranir en það má ekki gleyma því að hann opnar einnig nýja möguleika. Skortur á þekkingu og skilningi ýtir undir ranghugmyndir og virðingarleysi við trúarskoðanir og trúariðkun þeirra sem tilheyra öðrum trúarhópum en manns eigin. Að sama skapi getur aukin þekking og skilningur stuðlað að virðingu, unnið gegn fordómum og byggt brýr. Margt bendir til þess að samtal á milli ólíkra trúarhópa sé forsenda fyrir friðsamlegum samskiptum, hvort sem er á milli einstaklinga, þjóðarbrotta eða heilla þjóða. Samtalið krefst þess ekki að fulltrúar ólíkra trúarbragða verði sammála í öllum atriðum. Samtalið gengur heldur ekki út á það að sannfæra hinn aðilann um hvað sé rétt og satt. Þvert á móti kallar samtalið á hlustun og virðingu fyrir skoðunum annarra og í því felast

tækifæri til að leggja áherslu á það sem sameinar. Eitt af þeim brýnu málefnum sem fylgjendur ólíkra trúarskoðana geta sameinast um, nú á fyrri hluta 21. aldar, er umhverfisvernd og loftslagsmál. Það kom berlega í ljós á ráðstefnunni *Faith for Nature*, sem haldin var rafrænt í október 2020 og var stjórnað frá dómkirkjunni í Skálholti. Að heyra leiðtoga trúarsamfélaga hvaðanæva úr heiminum tala um mikilvægi þess að við sameinumst í baráttunni fyrir framtíð lífs á jörðinni var áhrifamikið og gaf von um frekari samvinnu þvert á trúarsannfæringu, landamæri og hvað annað sem greinir íbúa jarðarinnar að. Ekkert minna en framtíð komandi kynslóða veltur á því að við getum talað saman og unnið að sameiginlegum hagsmunamálum okkar. Að vera opin fyrir samtali og samskiptum við fólk sem játar aðra trú en við sjálf getur kallað fram „heilaga öfund“, sem einfaldlega þýðir það að við höfum augun opin fyrir hinu góða og eftirsóknarverða í öðrum trúarbrögðum.